

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Stakkahlíð 17.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Stakkahlíð 17 breytist úr svæði fyrir verslunar- og þjónustumiðstöðvar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 11. október 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Ægisbrautar, Akranesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Akraness þann 27. ágúst 2002 tillögu að nýju deiliskipulagi Ægisbrautar, Akranesi.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. október 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2003.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningssskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kindra vera að hámarki 0,68 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2003 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárfirtirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2003.